

Erindisbréf

vinnuhóps um vinnu við gerð umferðaröryggisáætlunar.

Stjórnskipuleg staða

Vinnuhópur um vinnu við gerð umferðaröryggisáætlunar, tilnefndur á 1253. fundi byggðarráðs þann 8. september 2025 heyrir undir sveitarstjórn. Í starfshópnum sitja eftirfarandi fulltrúar:

- Fulltrúi meirihluta í sveitarstjórn sem jafnframt er formaður hópsins.
- Fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn.
- Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Húnaþings vestra.

Starfsmenn hópsins eru skipulags- og byggingarfulltrúi og aðstoðarmaður hans. Sveitarstjóri hefur heimild til að sitja fundi hópsins með málfrelsi og tillögurétt.

Við tilnefningar í hópinn skal gæta að kynjahlutföllum í samræmi við Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra.

Hlutverk starfshópsins er að:

- Leiða vinnu við gerð umferðaröryggisáætlunar og tryggja eðlilega framvindu í samráði við EFLU sem annast verkið.
- Hafa eftirlit með að vinnulag við gerð umferðaröryggisáætlunar samræmist lögum og reglum.
- Tryggja aðkomu hagaðila að gerð áætlunarinnar og samráð við íbúa.
- Leggja fram tillögu til skipulags- og umhverfissráðs að umferðaröryggisáætlun sem ráðið tekur afstöðu til og vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Starfshættir

Hópurinn skal rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn að hverjum fundi loknum. Starfsmaður nefndarinnar færir fundargerðir í fundargerðakerfi sveitarfélagsins. Hópurinn hefur heimild til að kalla þá til fundar sem nauðsyn þykir vegna starfa sinna.

Skal hópurinn taka mið af þeim stefnum og áætlunum sem fyrir liggja hjá sveitarfélaginu ásamt Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna og verkefninu um Heilsueflandi samfélag.

Starfshópurinn skal starfa frá 15. ágúst 2025 til 1. mars 2026 eða þar til vinnu við gerð umferðaröryggisáætlunar er lokið. Hópnum er ekki heimilt að stofna til útgjalda án heimildar byggðarráðs/sveitarstjórnar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu.

Erindisbréf samþykkt á 1252. fundi byggðarráðs sem haldinn var þann 15. ágúst 2025. Í sumarleyfi sveitarstjórnar hefur byggðarráð sömu heimildir til afgreiðslu mála og sveitarstjórn hefði ella í samræmi við 5. mgr. 32. gr. Samþykkt um stjórn Húnaþings vestra 15/2024.